

Áhrifapættir á tímalengd sjúkrahúsinnlagna á bráðalegudeildum - Fræðilegt yfirlit

Elfa Pöll Grétarsdóttir^{1,2}, Arndís Bjarnadóttir², Bríet Magnúsdóttir² og Guðríður K Þórðardóttir^{1,2}

¹Landspítali, ² Háskóli Íslands

Inngangur

Aldraðir eru í meirihluta sjúklinga á bráðalegudeildum. Endurinnlagnir þeirra eru tíðari og legutími lengri. Lengri legutími hjá öldruðum dregur úr líkum á að útskrift í fyrri búsetu, eykur kostnað og minnkar lífsgæði. Þekking á þáttum sem hafa áhrif á legulengd er forsenda íhlutana til að stytta sjúkrahúslegur.

Markmið

Að gera fræðilegt yfirlit um þá þætti sem hafa áhrif á legulengd aldraðra á bráðalegudeildum sjúkrahúsa.

Aðferðir

Rafræn leit í PUBMED gagnagrunninum

- Leitarorð: “Geriatric” og “Length of Stay”
- 2004 til 2014
- Rannsóknir (original research)
- 65 ára og eldri

Niðurstöður

Gögn fengin úr 54 rannsóknagreinum

Helstu þættir sem lengdu legu aldraðra:

- Óráð
- Byltur
- Hrumleiki
- Slæmt næringarástand
- Þrýstingssár
- Kyngingarerfiðleikar
- Saltskortur
- Lækkað D-vítamín
- Sýkingar

Íhlutanir sem stytta legu aldraðra:

- Þverfagleg öldrunarteymi
- Sértek þjónusta í greiningu og meðferð óráðs
- Næringarráðgjöf

Byltur

- Algengustu atvik sem skráð eru á sjúkrahúsum. Aldraðir sérstaklega útsettir
- Skerða lífsgæði
- Valda færniskerðingu
- Auka legulengd
- Draga úr lífslíkum

Byltuhætta á Landspítala:

- 78% hjá 67 ára og eldri
- 86% hjá 80 ára og eldri

Hægt að fyrirbyggja

Óráð

- Einn algengasti fylgikvilli sjúkrahúslegu hjá öldruðum
- Er vangreint vandamál
- Skerðir líkamlega færni
- Eykur hjúkrunarþyngd
- **Eykur legulengd**
- Eykur líkur á útskrift á hærra þjónustustig
- Dregur úr lífslíkum
- Auðveldara að fyrirbyggja en meðhöndla

Hægt að fyrirbyggja

Ályktanir

- Fjöldi þátta hafa áhrif á dvalarlengd aldraðra á bráðadeildum sjúkrahúsa
- Tækifæri eru innan hjúkrunar til að hafa áhrif á flesta þessa þætti
- Byltur og óráð teljast veigamiklir áhættuþættir og Landspítali býr þegar að klínískum leiðbeiningum sem beinast gegn þeim
- Fræðilega samantektin undirstrikar mikilvægi öldrunarteyma til stuðnings á bráðadeildum til að stytta legutíma aldraðra